

**teng-ja** *so vb-i – heyra*  
[-di]

– tengið saman myndir og orð

‡ • tengsl

**miss-a** *so vb-i – heyra*  
[-ti]

– barnið missti glasið á gólfið

‡ » týna

**hætt-a** *so vb-i – heyra*  
[-i]

– hættu þessu!

‡ • hætta (no), hættulegur, óhættur

**með** *fs/ao – þf/þgf*

– konan er með hatt

‡ • meðal, meðan, meðfram; meðferð « án

**pok-i** *kk – tími*  
[-a, -ar]

– get ég fengið poka?

‡

**tala** *kv – stofa Ö*  
[tölu, tölur; [ef.ft] talna]

– það eru margar tölur á peysunni

‡ • tal, tala (so), talsverður, samtal, ótal; telja,  
tölva » ræða (no)

**tölv-a** *kv – stofa*  
[-u, -ur]

– við fengum nýja tölvu á  
skrifstofuna

‡ • tala (no), telja

**lyft-a** *so vb-i – heyra*  
[-i]

– hann gat ekki lyft kassanum

‡ lypta

**húf-a** *kv – stofa*  
[-u, -ur]

– drengurinn er alltaf með húfu á  
höfðinu

‡

**burst-i** *kk – tími*  
[-a, -ar]

– réttu mér hárburstann!

‡

**taska** *kv – stofa Ö*  
[tösku, töskur]

– hún tekur budduna úr töskunni

‡

**vas-i** *kk – tími*  
[-a, -ar]

– hann stingur lyklinum í vasann  
– settu rósirnar í vasa!

‡

**treyj-a** *kv – stofa*  
[-u, -ur]

– ég þekki stúlkuna í rauðu  
treyjunni

‡

**svunt-a** *kv – stofa*  
[-u, -ur]

– þú verður að vera með svuntu

‡/svinta

**greið-a** *kv – stofa*  
[-u, -ur]

– greiðan mín er gul

‡ • greiða (so)

**budd-a** *kv – stofa*  
[-u, -ur]

– konan er með smápening í  
buddunni

‡